

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Magnúsar Einarssonar, söngstjóra og söngfrömuðs á Akureyri“, útgefin á venjulegan hátt ad man- 43
 datum af dóms- og kirkjumálaráðherra 8. júní 1938. 8. júní

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Magnúsar Einarssonar söngstjóra og söngfrömuðs
 á Akureyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Magnúsar Einarssonar sjóður“ og er stofnaður til minningar um Magnús Einarsson, söngstjóra og söngfrömuð.

Stofnfé hans er gjöf frá nokkrum Geysismönnum, kr. 60.00.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru 10% af nettótekjum hvers söngmóts, er söngfélagið „Hekla“ heldur. Þar að auki veitir sjóðurinn móttöku gjöfum og áheitum, er honum kunna að áskotnast.

3. gr.

Sjóður þessi skal standa undir stjórn söngfélagsins „Hekla“, og vera ávaxtaður í útibúi Landsbankans á Akureyri, og skulu vextirnir ávallt leggjast við höfuðstólinn, unz sjóðurinn er orðinn að upphæð kr. 5000.00.

Heimilt er að geyma sjóðinn í skuldabréfum tryggðum með ríkisábyrgð.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 5000.00, sbr. 3. gr., er stjórn söngfélagsins „Hekla“ heimilt að ráðstafa allt að helmingi árlegra vaxta, til söngmenningarmála í Norðlendingafjórðungi hinum forna, til styrktar söngkennslu og raddþjálfun kóranna, sem í söngfélaginu eru, söngstjóranáms, eða fyrir bezt samin íslensk kórlög o. fl. er lýtur að sömu átt. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 10000.00, er stjórninni heimilt að ráðstafa $\frac{2}{3}$ af árlegum vöxtum sjóðsins í sama augnamiði, og þegar hann er orðinn kr. 20000.00 að upphæð, má stjórnin úthluta $\frac{3}{4}$ af vöxtum hans til sömu menningarmála og að framan er skráð. Yrði sjóðurinn megnugur þess, að stjórnin teldi fært að styrkja söngfélög, sem í sambandinu eru, til að koma upp söngskálum til æfinga, er henni heimilt að veita styrk til þess. Þó má aldrei skerða höfuðstólinn, fyr en hann er orðinn kr. 30000.00, og aldrei má skerða hann meira, ef hann nær þeirri upphæð, en að ávallt séu liggjandi í honum kr. 20000.00.

5. gr.

Sjóðnum skal stjórnað af stjórn söngfélagsins „Hekla“ og haldi hún gerðabók og færi í hana skipulagsskrána, umsóknir um styrk úr sjóðnum, styrkveitingar og ástæður fyrir hverri þeirra, fundarsamþykktir og annað, sem varðar hag og rekstur sjóðsins.

Stjórnin færi ennfremur bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld og færi í hana ársreikning sjóðsins. Reikningsár sjóðsins sé almanaksárið og skal sjóðsstjórnin hafa gert ársreikning sjóðsins og hafa lagt hann fram á fundi söngfélagsins „Hekla“ eigi síðar en 15. marz ár hvert.

43

8. júní

Endurskoðun á reikningum sjóðsins hafa endurskoðendur söngfélagsins „Hekla“ á hendi. Verði sjóðurinn afhentur bæjarstjóra, bæjarfógeta og sóknarpresti Akureyrarkaupstaðar (sbr. 7. gr.) skulu reikningar sjóðsins endurskoðaðir af endurskoðendum bæjarreikninga Akureyrarkaupstaðar meðan sjóðurinn er í höndum framanritaðra embættismanna.

7. gr.

Leggist söngfélagið „Hekla“ niður eða hætti störfum, skal stjórn þess afhenda bæjarstjóra, bæjarfógeta og sóknarpresti Akureyrarkaupstaðar sjóðinn til varðveislu samkvæmt skipulagsskrá þessari, en fari svo, að nýtt samband kórfélaga í Norðlendingafjórðungi risi upp aftur og verði starfrækt með svipuðu fyrirkomulagi og að framan getur, ber þessum mönnum að afhenda stjórn þess félags sjóðinn til fullra umráða, þó að því áskildu, að það félag skuldbindi sig í einu og öllu að fara með sjóðinn samkvæmt þessari skipulagsskrá, og kæmi það fyrir að þetta félag leystist upp eða hætti störfum, er stjórn þess skylt að skila sjóðnum í hendur sömu manna, sem þá verða að ábyrgjast hann og ráðstafa honum samkvæmt skipulagsskrá þessari.

8. gr.

Þá er reikningar sjóðsins hafa verið endurskoðaðir og samþykktir á fundi söngfélagsins „Hekla“, skulu þeir birtir í viðlesnu dagblaði, útgefnu á Akureyri.

9. gr.

Verja má nokkru fé úr sjóðnum samkvæmt 8. gr. félagslaganna, til skápsmíðar eða annars umbúnaðar um fánann, ef hann yrði afhentur Akureyrarbæ til geymslu.

44

10. júní

REGLUGERÐ

um holræsi og holræsagjald fyrir Ólafsfjarðarkauptún.

1. gr.

Þar sem hreppsnefnd hefir látið leggja holræsi í götu, vegi eða á opnu svæði, er hverjum húseiganda skylt að leggja á sinn kostnað, eftir því sem nánar verður ákveðið, ræsi frá húsinu, er flytji allt skólþ frá því út í aðalræsið. Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er hreppsnefnd tiltekur, skal verkið unnið á hans kostnað.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita, eða þeim, sem hreppsnefnd felur umsjón með lagningu holræsa um kauptúnið, frá því og fá samþykki þar til. Skal allt sem skólþlögnum utan- og innanhúss tilheyrir ákveðið í samráði við umsjónarmann. Hann skal og hafa umsjón með verkinu og er húseiganda skylt að hlýða fyrir mælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur.

Engir mega leggja eða ganga frá skólþræsum, sem standa í sambandi við holræsanet kauptúnsins, nema hreppsnefnd hafi viðurkennt þá færa til þess starfa.

3. gr.

Holræsagjald skal greiða árlega af öllum húsum, sem standa við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefir verið lagt í. Skal gjaldið lagt á eftir fasteignamatsverði, sem hér segir: